



Stúdentaráð Háskóla Íslands

23. mars 2020

Efni: Erindi til heilbrigðisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Ósk um viðbrögð stjórnvalda við stöðu stúdenta á vinnumarkaði og andlegri líðan þeirra.

Afrit sent mennta- og menningarmálaráðuneyti og forsætisráðuneyti.

Stúdentaráði Háskóla Íslands er umhugað um velferð og stöðu nemenda. Tilgangur þessa erindis er til að vekja athygli stjórnvalda á stöðu stúdenta, sem er sérstaklega erfið á þessum tímum, og leggja fram tillögur að nauðsynlegum aðgerðum. Þá erum við reiðubúin í samtal og samvinnu til að vinna úr þessari fordæmalausu stöðu.

Stúdentaráð sendi umsögn til velferðarnefndar Alþingis í síðustu viku, þess efnis að stúdentar þyrftu að eiga rétt samkvæmt frumvarpi um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þakkar ráðið fyrir að tekið hafi verið mark á þeim athugasemdum og fagnaði Stúdentaráð breytingunum. Skilyrði frumvarpsins gera það að verkum að úrræðið nær til þeirra sem vinna í 45% starfshlutfalli og nær því ekki til allra stúdenta, sem þó treysta á tekjur til að framfleyta sér og greiða leigu. Stúdentaráð hafði þó eina tillögu til viðbótar í umsögn sinni sem mun vera ítrekað, ásamt öðrum tillögum, hér að neðan.

Skrifstofa Stúdentaráðs sendi út könnun til allra nemenda skólans sunnudagskvöldið 22. mars 2020, til að fá vísbendingar um stöðu og líðan nemenda á tímum COVID-19. Óhætt er að segja að niðurstöðurnar eru sláandi og telur ráðið ljóst að gera þarf meira fyrir stúdenta. 1.300 nemendur svöruðu könnuninni.

I. Andleg líðan stúdenta

Við spurðum hvernig stúdentum líður í þeim fordæmalausu aðstæðum sem nú eru vegna COVID-19 á skalanum 1-10. Niðurstöðurnar eru heldur sláandi en 50,5% nemenda merktu líðan sína á bilinu 3 - 5. 63% nemenda merktu því líðan sína 5 eða undir.

Við spurðum hvort nemendur upplifi streitu og/eða álag á þessum tíma sem þeir telja hafa áhrif á námsframvindu. 52.9% nemenda telja sig upplifa *mikla* streitu sem hafi áhrif á námsframvindu sína. 30% töldu sig upplifa streitu en *ekki svo mikla*.

Við spurðum “Á skalanum 0-10 (0 verandi ekki neitt og 10 það mesta), hversu mikinn kvíða upplifir þú í þessum aðstæðum” Þá telja 56% nemenda sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra (flestar merktu við 8 eða 21,8% nemenda).



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Við lögðum líka upp samskonar spurningu en spurðum hve mikla depurð fólk upplifir. Niðurstaðan sýndi að 44% nemenda telja sig upplifa depurð 7 eða hærra (flestin merktu við 8 eða 16% nemenda).

Við spurðum úti einkenni þunglyndis, nánar tiltekið hvort stúdentar telji sig upplifa einkenni þunglyndis í þessum aðstæðum og til skýringar fylgdi með að einkenni þunglyndis gætu verið þungt skap, gleðileysi, áhugaleysi, þreyta, vonleysi. Niðurstöðurnar sýndu að 20.1% stúdenta telja sig upplifa einkenni þunglyndis. 27.2% telja sig gera það *að einhverju leyti* og 18.4% telja sig gera það *að litlu leyti*. Er því um 75% þátttakenda sem gátu tengt við þessa upptalningu einkenna að litlu leyti eða meira.

Könnuninni var ekki ætlað að vera hávísindaleg heldur gefa vísbendingar um stöðu mála. Skrifstofa ráðsins viðurkennir að við vorum ekki viðbúin því að kvíði, depurð og vanlíðan væri svona mikil meðal nemenda. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um mjög alvarlega stöðu þessa hóps.

II. Aðrar niðurstöður könnunarinnar um aðstæður nemenda:

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að 37,8% svarenda eru í minna en 50% vinnu. Það þýðir að þeir eigi ólíklega rétt á nýjum úrræðum atvinnuleysisstrygginga sem við þó náðum í gegn fyrir stúdenta - en úrræðin tryggja þeim sem missa 20% starfshlutfall en halda 25% hlutfalli atvinnuleysisbætur á móti tapaða starfshlutfallinu. Þessi 37,8% nemenda eiga því fáir rétt á því þar sem þú þarft að hafa verið í 45% starfshlutfalli hið minnsta.

21,2% nemenda sem tóku könnunina eru íbúar á stúdentagörðum. 20% svarenda eru foreldrar. 2,5% nemenda eru skiptinemar og tæp 8% erlendir nemar í námi við HÍ. Við erum að vinna í því að sortera niðurstöður nemenda eftir ýmsum breytum svo við getum metið stöðu þeirra hópa enn betur.

Algengasta athugasemdin hingað til í opnum flipa fyrir athugasemdir er að óvissan sé vert, fólk vilji fá svör um framhaldið sem allra fyrst og að staða stúdenta þurfi að vera skýrari.

III. Tillögur að aðgerðum stjórnvalda til að bæta stöðu stúdenta

- Stúdentum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta frá og með 1. apríl nk., til og með 31. ágúst nk.
 - Sá hluti stúdenta sem ekki nýtur góðs af frumvarpinu um minnkað starfshlutfall frá síðustu viku, er illa staddur og þarfnast úrræða til að geta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

greitt leigu og keypt sér nauðsynjar. Þá er algengt að stúdentar starfi í ferðaiðnaði og þjónustustörfum og koma þær stéttir hvað verst útúr veirunni. Sumarstörf margra eru nú þegar komin í uppnám og þarf að bregðast við.

- Stúdentar falla ekki undir lög um atvinnuleysistryggingar, jafnvel að sumri, og þarf því að bregðast við.
- Stúdentum verði tryggð niðurgreiðsla eða önnur úrræði sem tryggja þeim aðgengilega sálfræðipjónustu .
 - Ljóst er að líðan stúdenta er mjög slæm og er staðan alvarleg. Þó geðheilbrigðisátak stúdenta hefur skilað góðri framþróun og fjölgun úrræða í Háskóla Íslands og fjölgun sálfræðinga úr 1 í 3 við skólann, er ljóst að grípa þarf fólk á þessum tímum. Sálfræðingar skólans eru gott sem fullbókaðir og fólk þarf að geta leitað eitthvert. Kostnaður við sálfræðitíma er allt frá 10.000 kr til 19.500 kr. sem stúdentar hafa ekki efni á.

IV. Staða stúdenta almennt

Fjárhagserfiðleikar stúdenta eru nú þegar þriðja algengasta ástæða þess að stúdentar tefjast í námi í eitt ár eða meira, samkvæmt [EUROSTUDENT VI](#), sjá bls. 12. Ástæður þess að stúdentar vinna með námi er í 86% tilvika til að eiga fyrir reglulegum útgjöldum [og segja 71% námsmanna](#) að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi.

Nú þegar sýna [rannsóknir](#) að stúdentar glíma við meiri kvíða og þunglyndi en samlandar sínir á sama aldri. Þegar óvissuástand sem þetta dynur á er ljóst að andleg staða þeirra versnar svo um munar. Síðan síðasta könnun var gerð opinber hefur Stúdentaráð fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknnum, sem eru nú til úrvinnslu, á geðheilsu stúdenta í Háskóla Íslands. Ráðið fékk kynningu á frumniðurstöðum sem sýna að marktækur munur er á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema í HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísu og mælast stúdentar HÍ þar hærri í öllum tilvikum. Það er því nauðsynlegt að stúdentar fái skýr og aðgengileg svör frá stjórnvöldum um sína stöðu og dregið verði sem mest úr þeirri óvissu sem við þeim blasir, sem allra fyrst.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Jóna Þórey Pétursdóttir